



IOTA

Fundargerð

Fundur haldinn á Hótel Ísafirði 10. desember 2018 kl. 18:30

1. Setning
Formaður setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar, kveikti á kertunum
2. Rifjuð var upp stofnun DKG samtakanna í Austin í Texas 1929 og sagt frá hvenær starfsemi samtakanna hófst á Íslandi, með stofnun Alfadeildar 1975.
3. Orð til umhugsunar:
Jóna Benendiktsdóttir fjallaði um framkomu, kurteisi og mannasiði í framhaldi af umræðu í samfélaginu undanfarið – Klaustursmálið. Almennar umræður urðu í framhaldi af orðum hennar.
4. Nafnakall.
19 systur voru mættar og einn gestur. Kveðjur bárust frá þeim sem komust ekki á fundinn.
5. Sagt frá síðasta fundi á Flateyri, kynning á Lýðháskólanum og inntaka nýrrar systur. Samþykkt fundargerðar verður borin upp á næsta fundi.
6. Borið fram smurbrauð. Deildin greiddi fyrir hluta af kostnaði.
7. Herdís Hubner gestur fundarins sagði frá þýðingarvinnu sinni, sagði hún frá því hvernig það atvikaðist að hún fór að fást við þýðingar. Sýndi hún okkur nýjustu bækurnar sem hún hefur þýtt. Útvegnar bækur þetta ár eru orðnar fimm. Herdís færð blómagjöf sem þökk fyrir kynninguna. Þakkaði Herdís fyrir að hafa verið boðið á fundinn.
8. Fréttir sagðar af starfi DKG á landsvísu. Á heimasíðunni eru myndamöppur sem rétt er að kíkja á.
Dregnir fram punktar úr fréttabréfi landsforseta: aðalverkefni um þessar mundir er undirbúningur fyrir alþjóðaráðstefnuna í sumar. Sagt frá námsstyrkjasjóðum, Þetadeild 20 ára, landssambandsþing verður haldið í Reykjavík 4. maí. Fundargestir hvattir til að fylgjast með heimasíðunni þar er margt áhugavert að lesa um frá öðrum deildum og landssambandinu.
9. Lokaorð til íhugunar í aðdraganda jóla. Steinunn las ljóðið Jörðin mín og jörðin þín eftir Friðrik Þórðarson.
10. Fundi slitið 20:12 með því að slökkva á kertunum.